

**1005. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. febrúar 2018  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellius Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Keðjuábyrgð verkkaupa og aðalverktaka. - 2018020015**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Brynjars Þórs Jónassonar, dagsett 5. febrúar 2018, þar sem lagt er til að Ísafjarðarbær setji ákvæði um keðjuábyrgð aðalverktaka í alla innlenda verk-, vörukaupa- og þjónustusamninga.

Einnig lagt fram minnisblað Juris slf., lögfræðistofu, dagsett 9. febrúar sl. með lögfræðialiti um heimild Ísafjarðarbæjar til að fara fram á keðjuábyrgð.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að gera tillögu að ákvæði um keðjuábyrgð sem sett skal í alla innlenda samninga Ísafjarðarbæjar þ.e. verk-, vörukaupa- og þjónustusamninga.*

**2. Göngustígar 2018 - 2018010003**

Lagt fram bréf Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, dagsett 9. febrúar 2018, þar sem lagt er til að samið verði við Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. um verkfræðihönnun, útboð og eftirlit vegna göngustígaframkvæmda 2018.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkir tillögu Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, um að samið verði við Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. um verkfræðihönnun, útboð og eftirlit vegna göngustígaframkvæmda 2018.*

**3. Skólamál á Flateyri - 2016110039**

Lagður fram tölvupóstur Krístrúnar Lindar Birgisdóttur, dagsettur 6. febrúar sl., ásamt fundargerð starfshóps um framtíðarskipan skólamála frá 24. janúar sl. Starfshópurinn óskar eftir heimild bæjarstjórnar til að starfa til 30. júní nk., til að geta lokið viðfangsefnum sínum.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að samþykkt verði að*

*framlengja störf nefndarinnar til 30. júní n.k.*

**4. Uppsögn samstarfssamnings um rekstur Félags- og menningarmiðstöðvar á Flateyri - 2017090089**

Lagt fram sameiginlegt bréf formanna Rauðakrossdeildar Önundarfjarðar, Íbúasamtaka Önundarfjarðar og Minjasjóðs Önundarfjarðar, dagsett 2. febrúar sl., varðandi málefni Félags- og menningarmiðstöðvarinnar að Hafnarstræti 11 á Flateyri. Bréfið varðar fjárhagsmál miðstöðvarinnar og athugasemda við fundarboðun, auk athugasemda við bréf sem Félag eldri borgara í Önundarfirði sendi Ísafjarðarbæ þar sem sagt var einhliða upp samstarfssamningi sem fimm aðilar eiga hlut að.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísar erindinu til velferðarnefndar.*

**5. Fyrirspurn um sorphirðu og - förgun og rekstur salerna við Tjöruhúsið á árinu 2017 - 2018020035**

Lagður fram tölvupóstur Jónasar Þórs Birgissonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dagsettur 7. febrúar sl., með eftirfarandi fyrirspurn:

Bar bæjarsjóður kostnað við sorphirðu/-förgun vegna Tjöruhússins á árinu 2017, og þá hve mikinn?

Bar bæjarsjóður kostnað við rekstur á salernum vegna Tjöruhússins á árinu 2017, og þá hve mikinn?

Jafnframt lagt fram minnisblað Brynjars Þórs Jónassonar með svörum við fyrirspurn Jónasar.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur Brynjari Þór Jónassyni, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, að endurskoða leigusamninginn við Tjöruhúsið.*

**6. Ný persónuverndarlöggjöf 2018 - 2017050126**

Lagður fram tölvupóstur Telmu Halldórsdóttur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 7. febrúar sl., með ýmsum upplýsingum er varða innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum - 2018020033**

Lagður fram tölvupóstur Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 5. febrúar sl., þar sem kynnt er bókun stjórnar sambandsins frá 26. janúar sl., og viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur formanni bæjarráðs að gera tillögu til bæjarstjórnar að ákvæði um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.*

**8. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 2. febrúar sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærsla (borgaralaun), 9. mál. Umsagnarfrestur er til 2. mars nk.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísar þingsályktuninni til velferðarnefndar.*

**9. N1 eldsneytisafgreiðsla á Suðureyri - 2018020044**

Lagður er fram tölvupóstur Eggerts Þórs Kristóferssonar, forstjóra N1, frá 8. febrúar sl.

*Nauðsynlegt er að eldsneytisafgreiðsla verði áfram á Suðureyri þar sem um grunnþjónustu er að ræða er varðar öryggi íbúa. Einnig er vert að benda á að vaxandi umsvif eru á Suðureyri sem treysta á þessa þjónustu. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að setja sig í samband við forstjóra N1.*

**10. Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072**

Á 493 fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 7. febrúar sl. var eftirfarandi erindi tekið fyrir.

Lagt fram bréf Ómars Ingbórssonar f.h. Skipulagstofnunar, dagsett 24. janúar sl., ásamt tilkynningu um allt að 700 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi Hábrúnar í Skutulsfirði. Óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1003. fundi sínum 29. janúar sl. og vísaði því til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Bókun skipulags- og mannvirkjanefndar er eftirfarandi: Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hábrúnar. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, er það niðurstaða nefndarinnar að framleiðsla á 700 tonnum á vegum Hábrúnar, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Líta verður á að umskipti úr þorskeldi yfir í regnbogasilung hafi mildari áhrif á botndýralíf m.t.t. minni mengunar. Fóðurnotkun minnkar úr 1600 tonnum í 840 tonn, í sama hlutfalli minnka önnur efni s.s. nitur, fosfór og kolefni. Fóðurstuðull regnbogasilungs er 1.2 kg. fyrir hvert kg af fiski í eldi, fyrir þorsk er fóðurstuðull 4 kg af fíðri fyrir hvert kg af fiski, þannig að hlutfallstölur varðandi magn úrgangsefna og næringarefna sem berast frá eldi lækka töluvert. Miðað við uppgefnar forsendur er ekki talið að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat. Niðurstaða nefndarinnar byggist á viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka, með tilliti til stærðar og umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar ásamt samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum í Skutulsfirði. Nefndin gerir ekki athugasemdir, þar sem aukning er innan viðmiða burðarþolsmats Hafrannsóknarstofnunar.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísar umsögninni til bæjarstjórnar.*

**11. Náttúrustofa - Ýmis erindi og fundargerðir 2017 - 2018020038**

Lögð fram fundargerð 107. fundar stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða sem haldinn

var 29. janúar sl.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**12. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 493 - 1801025F**

Fundargerð 493. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 7. febrúar sl. Fundargerðin er í 9 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

12.2 2017120006 - Brekkugata 5 -umsókn um stækkun á lóð

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun lóðar.

12.6 2017080053 - Sindragata 7 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila 3X-Technology að hefja deiliskipulagsvinnu við Sindragötu 5-7

Sigurður Jón Hreinsson vék af fundi við afgreiðslu.

**13. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 60 - 1801023F**

Fundargerð 60. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar sem haldinn var 6. febrúar sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**14. Öldungaráð - 8 - 1802005F**

Fundargerð 8. fundar öldungaráðs sem haldinn var 7. febrúar sl. Fundargerðin er í 5 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:08**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Kristján Andri Guðjónsson

1005. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

---

Daníel Jakobsson

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Gísli Halldór Halldórsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir